

## REGLUGERÐ

**um innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 623/2012 um breytingu  
á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu  
á faglegri menntun og hæfi.**

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 222/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB), nr. 623/2012 frá 7. desember um breytingu á viðauka II með tilskipun Evrópusambandsins og ráðsins nr. 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB), nr. 623/2012 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 14, 20. árgangi 2013, bls 703.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, 20. árgangi 2013, bls. 29.

3. gr.

Ef ósamræmi er á milli íslensks og ensks texta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 623/2012 skal skýra íslenska textann með hliðsjón af enska textanum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 9. gr. laga nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 11. apríl 2013.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 2. maí 2013